

Rannsókn á rúst nr. 22 í Landeyjum, Rangárvallasýslu



Bjarni F. Einarsson
2024

Forsíðumyndin sýnir nagla sem fannst í NA-horni rannsóknarreitsins, utan við rústina, en á sama dýpi. (Fnr. 5. Ljósm. BFE.).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Landsnet

© Bjarni F. Einarsson

Febrúar 2024

Inngangur

Að beiðni Landsnets og að kröfu Minjastofnunar Íslands kannaði Fornleifafræðistofan rúst nr. 22 við Rimakot í Landeyjum, Ranagárvallasýslu sem áður hafði verið könnuð með prufuskurði í maí 2023.

Rannsóknin fór fram dagana 28. ágúst - 29. september síðastliðinn. Aðstæður voru mjög góðar lengst af, en kólnaði þó þegar á leið rannsóknina.

Tilefni rannsókna var að forrannsóknin benti til þess að rúst nr. 22 kynni að vera frá miðöldum og var það staðfest með gjóskugreiningu (Bjarni F. Einarsson 2023), en að öðru leiti var ekkert vitað um frekari gerð hennar eða hlutverk. Á svæðinu stendur til að reisa mannvirki í tenglsum við tengivirkið og því varð rústin að víkja.

Starfsmenn rannsókna, auk undirritaðs, voru þau Sigbór Bjarni Geirsson fornleifafræðinemi, Svavar Níelsson fornleifafræðingur og Þorgerður Hjelm fornleifafræðinemi.

Áður hafði svæðið verið ljósmyndað úr lofti (dróni) og með stafrænni myndavél. Eftir að rannsókn hófst voru sömu myndavélar notaðar eftir því sem rannsókninni vatt fram.

Að lokinni rannsókn var ekki gengið frá svæðinu eins og að var komið enda átti að grafa allt í burtu.

Fulltrúi verkkaupa var Árni Sæmundsson hjá Landsneti.

Staðhættir og sögubrot

Svæðið er nokkuð þýft með lágum grónum hólum sem líkjast mjög rústum. Samkvæmt túnakorti Rimakots frá 1927 (mynd 2) hefur þetta verið engi eða hagi. Norðvestan við það og utan við byggingarreitinn eru sýndir garðar á túnakortinu (skráðir 2008) og þar sem tengivirkið stendur nú hafa verið gerði eða aðhöld, jafnvel kálrætargarðar. Engin hús eru sýnd á túnakortinu önnur en þau sem eru á bæjarhólnum suðaustan við byggingarreitinn.

Um veðurfar í Landeyjum segir séra Sveinbjörn Guðmundsson [1818-1885] frá því árið 1872/73 að; „*Hér er fremur vindasamt, en heldur sjaldan stormveður; eru þau hörðust á austan og þegar vindurinn færir sig í hafið eða gengur í haf-útsuður. Stormarnir koma helst á haustum og vetrum, en minnst á vorin og fram eftir sumri. ... Töluvert er rigningarsamt og er úrkoman mest á austanlandsunnan. ... Að austanverðu er kaldast, þegar vindur er á austan landsunnan [svo], en að verstanverðu eða utan til í Vestur-Landeyjum er norðanáttin bitrust.*“ (Sýslu- og sóknarlýsingar 1968:224). Þetta er vert að hafa í huga vegna þeirrar staðreyndar að dyr hafa snúið mót N eða NNV í rúst 22, sem er óvenjulegt. Norðanáttin hefur ekki verið sú versta.

Um Rimakot segir í lýsingu séra Sveinbjörns að; „*Dýrl. 7,98 hundr. Þetta er öreytingskot í öllu tilliti, landlítið og landlétt og hefur staðið og stendur í stað.*“ (Sama 1968:232).

Um fornleifar í sveitinni segir prestur: „*Garðlög eru í einstaka stað og er ýmist álitíð að þau hafi verið akurgerði, landamerkjagardar eða rekstrargardar (til að reka fé á til beitar).*“ (Sami 1968:257).

Rimakots virðst fyrst vera getið í elsta jarðartali Íslands frá árinu 1695. (Björn Lárusson 1968:90). Þar er Rimakot talið í eigu konungs og jarðardýrleikinn 5 hundruð og landleigan 100 álnir. (1968:90). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 er jarðardýrleikin talinn sá sami, en eigandi sé Jón Pétursson á Hliði. Landleigan var þá komin í 60 álnir og hafði lækkað um 12 árum áður. Ástæðan kann að vera að Stórabóla geysaði í millitíðinni.

Sagt er að bærinn hafi byggst úr Önundarstaða landi (Jarðabók 1913–1917:111). Ár þetta, 1710, var tvíbýli í Rimakoti og hétu ábúendur Þorkell Guðmundsson og Þorbjörn Sigmundsson. Þorkell átti fjórar kýr, eina kvígu, 10 ær, fjórar gibrur, 20 sauði og átta hesta. Þorbjörn átti einnig fjórar kýr og eina kvígu, fimm ær, tvo sauði og fjóra hesta. Ekki voru öll þessi dýr á fóðrum, enda fóðraði jörðin aðeins fimm kýr, einn hest og 15 lömb. Með öðrum orðum var þetta fátækt kot. Í Manntali frá 1816 er einbýlt í Rimakoti og heimilisfólkið fimm að tölu. (Manntal á Íslandi 1816. 1947:210). Hagur Rimakots hefur vænkast eitthvað því árið 1845 eru 10 manns í heimili og þar af einn hreppsómagi. Þar bjuggu hjón ásamt fimm börnum sínum og foreldrar bóndans. (Manntal á Íslandi 1945:153).

Rimakot fór í eyði 1919. (Sunnlenskar byggðir IV1982:268).

Annaðhvort er saga Rimakots lengri en mætti halda, eða, sem er líklegra, að þarna hafi einhver umsvif átt sér stað frá annarri jörð og því er rúst nr. 22 alls óviðkomandi Rimakoti. Samkvæmt Landnámu er Rimakot í landi Ljótastaða þar sem dóttir Hallgeirs landnámsmanns í Hallgeirsey bjó, en hún hét Mábil. (Íslendingabók og Landnámabók 1968:355).

Markmið og aðferð

Rannsóknin var gerð að kröfu Minjastofnunar Íslands vegna þess að þær þurfa að víkja fyrir mannvirkjum sem reisa á á staðnum. Markmið

rannsóknanna var að komast að aldri minjanna, hlutverki þeirra og kanna hvort eldri minjar kynnu að leynast undir þeim. Í upphafi var vélgrafa notuð til að fjarlægja grasrót og áfökslög ofan af rústinni. Fljótlega komu efstu hlutar veggjanna í ljós og þá tók við handvirkur uppgröftur. „... telur minjavörður að afhjúpa þurfi mannvirkið með aðferðum fornleifafræðinnar, hreinsa frá veggjum, grafa inn úr tóftinni og fjarlægja svo vegg - eftir skráningu og ljósmyndun, til að ganga úr skugga um að ekki leynist eldra byggingarstig undir.“ (Uggi Ævarsson 2023).



Mynd 1. Rústir á byggingareit við tengivirkið í Rimakoti skv. skráningu 2022. Rústir 20, 21 og 23 reyndust ekki vera fornleifar við forrannsóknina. (Lofmynd: Minjastofnun Íslands. Viðbætur: BFE).

Ljósmyndir voru teknar eftir því sem rannsókninni vatt fram og drónamyndir sömuleiðis. Rústin var svo teiknuð með drónamynd sem undirlag. Engin snið voru teiknuð þar sem búið var að teikna snið í gegnum vegginn þegar svæðið var kannað fyrst í maí síðastliðnum (Bjarni F. Einarsson 2023). Aðeins eitt sýni var tekið úr svörtu gjóskulagi sem lá yfir gólfi rústarinnar. Sýnið var ekki sent í greiningu, því sýni úr sama lagi var greint þegar forrannsóknin fór fram. Ekki þótti ástæða til að taka fleiri gjóskusýni.



Mynd 2. Túnakort Rimakots frá 1927. Bleikur litur sýnir bæjarhús og önnur hús Rimakots. Dökk grænt sýnir tún innan túngarðs. Einnig sjást afmarkaðir reitir sem trúlega eru sáðreitir og tún. Lengst til vinstri er óráktað land og garðar. Ekki er ljóst hvað grái liturinn táknar. Norður vísar til vinstri eða um það bil. (Þjóðskjalasafn Íslands).

Minjar fyrir rannsókn

Svæðið hefur verið skráð samtals þrisvar sinnum. Í fyrstu skráningu 2008 var rúst nr. 22 ekki skráð, en fjórar aðrar voru hins vegar skráðar á svæðinu innan girðingarinnar og vestan við tengivirkið. (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2008). Í skráningu tvö 2019 var hún ekki heldur skráð,

enda var svæðið innan girðingar ekki hluti af rannsóknarsvæðinu. (Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritst.) 2019). Í þriðju skráningu voru fjórar rústir skráðar og ekki alveg þær sömu og í fyrstu skráningunni. Rúst nr. 22 var þó skráð og þá er henni lýst svo:

Rúst. 7 x 8 m stór. Veggir úr torfí, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.
Dyr hugsanlega mót SV. (Bjarni F. Einarsson 2022).



Mynd 3 og 4. Rúst 22 fyrir rannsókn. Tengivirkið í bakgrunni myndar 3. (Mót S og NA. Ljós. BFE 2022).

Á svæðinu (innan girðingar, norðan við tengivirkið) voru því fimm rústir skráðar í tveimur skráningarumferðum. Í ljós kom við forrannsóknir að engin þeirra voru mannvirki, nema rúst 22. Ein meint rúst norðaustast á svæðinu var ekki könnuð vegna þess að hún er utan við byggingarreitinn og meint rúst vestur af henni var á mörkunum og snið tekið í hana og reyndist hún ekki vera mannvirki.

Þó svo að margar meintar rústir hafi reynst vera náttúrumyndanir er alveg ljóst að allir fornleifafræðingar hefðu skráð þetta sem rústir eða meintar rústir. Minnsti grunur um rústir þýðir að þær ber að skrá.

Rannsóknin

Eftir að vélavinnu lauk tók við handvirkur uppgröftur, en 0,32 m voru niður á vegg þar sem minnst var. Flett var ofan af veggjum með stunguskóflum, svæðið hreinsað og drónamyndir teknar reglulega í kjölfarið. Þannig var farið neðar og neðar í þeirri von að veggirnir kæmu í ljós. Þegar þeir komu svo loks í ljós var skafið sín hvoru megin við þá svo að rústin reis upp úr jörðinni og hægt var að mæla hana upp og ljósmynda.

Búist var við því að gólf yrðu illgreinanleg, en forrannsóknin benti til þess að svo væri. Því var farið varlega þar sem vænta mátti gólfs.

Fljótlega kom í ljós að rústin virtist stærri en talið var í fyrstu. Náði hún bæði lítið eitt lengra til vesturs og líklega nokkra metra lengra til norðvesturs. Voru jafnvel talin vera tvö hólf eða rými í henni. Því var ekkert annað í stöðunni en að stækka rannsóknarsvæðið.



Mynd 5. Rústin kemur í ljós undir sverðinum. Sjá má dökk gjóskulög í veggjum. Í miðjunni er torfstykki (rauðbrúnn litur) sem engar skýringar eru á. Þær eru mun yngri en rústin. (Drónamyndir nr. 1. Upp er til NV. Ljós. BFE).



Mynd 6. Síðasta drónamyndin í lok rannsóknar. Öryggisholur sjást hér og hvar, en hlutverk þeirra var að kanna hvort eldri mannvist væri undir. (Drónamyndir nr. 18. Upp er til NV. Ljós. BFE).

Teknar voru stafrænar ljósmyndir eftir því sem rannsókninni vatt fram og drónamyndir eftir þörfum. Einkum voru það drónamyndirnar sem gáfu mestar upplýsingarnar.

Byrjað var á því að opna 8 x 9 m stórt svæði og ná þannig 0,5 m út fyrir rústina eins og hún virtist vera á yfirborðinu. Síðan var svæðið stækkað til NV um 1,0 x 4,25 m. Þessi stækkun reyndist næg til vesturs, en aftur þurfti að stækka svæðið til norðvesturs um 2,85 x 3,75 m vegna þess að hún var talin ná lengra til norðvesturs eins og áður getur. Í ljós kom að það var torfveggur sem náði út fyrir afmörkunina og bentu allt til þess að þetta væri tota út úr rústinni. Breidd þessarar totu virtis eilítið minni en veggjanna annarsstaðar, eða um 0,8 m á breidd.

Rústin

Þegar rannsókn á rústinni var lokið reyndist hún vera um 6,4 x 8,8 m stór utanvert og 3,9 x 5,9 innanvert eða um 23 m². Með totunni til norðvesturs er lengdin allt að 10 m utanvert. Veggir voru um 1,2–1,5 m breiðir fyrir utan totuna, breiðastir á suðurveggjum. Snéri rústin því sem næst NNV–SSA. Ekkert gólf fannst í henni, ekkert grjótt og engin innri mannvirki svo sem stoðarholur, jötur eða bekkir o. s. frv. Inn í rústinni voru torfflyksur eða



Mynd 7. Drónamynd af öllu rannsóknarsvæðinu. (Drónamyndir nr. 9. Upp er mót NA. Ljós. BFE).

torfstykki sem var öðruvísi en torfið í veggjunum. Þetta hlýtur að vera yngra torf, en að öðru leiti er ekkert vitað um þetta torf (sjá mynd 5). Ekki var það úr þaki og ekki hleðsla í mannvirki. Hugsanlega eru þetta afgangar úr öðru húsi í Rimakoti.

Þegar leið á rannsóknina kom í ljós að rústin var mun betur farin að austanverðu og voru veggirnir mun hærri og betur farnir þar.

Veggirnir eru byggðir úr torfi einu saman og þar sem hægt var að greina torftæknina við austur gaflinn og totuna voru þeir hlaðnir með þverstreng. Eins metra langur kafli á austur gaflinum var rannsakaður sérstaklega til að sjá hvernig þverstrengirnir voru lagðir ofan á hvorn annan og hvort einhverja bindingu væri að sjá. Stundum náðu þverstrengirnir alveg yfir vegginn, og stundum aðeins hluta hans, en þá var nýr strengur lagður þar sem á vantaði. Þetta gæti bent til þess að strengurinn var upphaflega skorin býsna langur og svo lagður í vegginn og skorin í rétta lengd og svo koll af kolli þangað til stubbur var eftir. Þá var byrjað á honum og svo haldið áfram.

Niðurstaða rannsóknarinnar er ekki mjög afgerandi. Ekki var hægt að staðfesta að strengirnir hafa verið lagðir ofan á samskeytin á neðri strengjum til að binda þá saman. Þar sem strengir mætast er veikleiki og þangað leitar vatn. Þessum veikleika varð að bregðast við og koma í veg fyrir gliðnun í veggnum með því að binda þá saman, en vatn gat áfram leitað í samskeytin án þess að hann gliðnaði og runnið út eftir atvikum. Þessi hleðslutækni hefur

áður sést eins og í húsi sem er eldra en 1362 í Stöð á Stöðvarfirði. (Bjarni F. Einarsson 2021:13–14).

Norðvestur gaflinn vantaði nær alveg og þar hefur því verið op eða dyr inn í mannvirkið. Stuttur kampur hefur verið á suðurveggnum svo að opið hefur verið um 2,4 m breitt. Frekar kemur það á óvart að dyr eða op hafi snúið mót NV, en þegar hafðar eru í huga lýsingar í Sýslu- og sóknarlýsingum hér að ofan frá 1872/73 kemur það ekki á óvart. Versta veðuráttin er frá austri og suðaustri. Úr suðaustan áttinni er einnig mesta rigningin. Totan til norðurs hefur einnig varið opið fyrir norðanáttinni.

Svo virtist vera sem miðja rústarinnar væri lægri en hliðarnar sem gæti stafað af því skepnur hafi valdið átroðningi eða manneskjan með vafstri sínu út og inn úr rústinni. Þessi lægð eða dæld náði út fyrir rústina til NV. Ekki er hægt að útiloka að rústin sé í raun tvö hólf og að annað hólfið sé til vesturs.

Sterkar vísbendingar eru um að rústin hafi verið endurbyggð einu sinni. Í báðum veggjum fannst landnámslagið (871 ± 2) og var lagið í efri veggnum endurflutt skv. greiningu jarðfræðings. Það bendir til þess að hluti af gamla veggnum hafi verið endurnýttur í endurgerðinni. Í efri veggnum fannst einnig gjóska úr Kötlu 920. Sé þetta rétt þá gæti eldri veggurinn verið eldri en 920 og sá yngri aðeins yngri, allavega yngri en 1206 samkvæmt gjóskugreiningu.

Gripir

Við rannsóknina voru aðeins sex gripir skráðir og allir nema einn voru yngri eða mun er rústin. Einn bronshnappur og ógreinanlegur jármoli fundust ofarlega í áfoklagi og eru ekki gamlir. Ofan á torfveggnum fundust




Mynd 8. Þverstrengirnir sem rannsakaðir voru í eystri gafl rústarinnar. Þarna liggja þrír strengir frá hægri til vinstri. (Mælikvarðinn sýnir 0,5 m. Stafr. myndir nr. 14. Horft mót NV. Ljós. BFE).



Mynd 9. Sami flötur og á mynd 8, nema um þrem sentimetrum neðar. (Stafr. myndir nr. 16. Horft mót SV. Ljós. BFE).



Mynd 10. Torveggurinn norður af rústinni. Hann sést í helmingi skurðarins. (Stafr. myndir nr. 9. Horft mót SV. Ljós. BFE).



Mynd 11. Flatarteikning af rúst 22.

ógreinanlegt bein og tönn úr skepnum. Í NA-horni stækknunarinnar til norðvesturs fannst nagli sem er nær örugglega samtíða rústinni (sjá forsiðumynd) og utan við SA-hornið á miklu dýpi fannst moli (7,6 g) sem líktist gjalli. Hann svaraði þó ekki segulstáli og hlýtur því að vera hraunmoli.

Gjóskugreiningar

Engar gjóskugreiningar voru gerðar á gjósku nú, en við könnunarrannsóknina um vorið 2023 voru gerðar fimm greiningar á gjósku úr prufuskurði sem grafinn var þvert á suðurvegginn. Ekki þótti ástæða til að gera nýjar greiningar. Niðurstöður greininganna úr könnunarrannsókninni sýndu að rústin er eldri en 1206 og yngri en 920. Sterkar vísbendingar voru um að rústin hafi verið endurgerð á einhverjum tímapunkti eftir 920 sem þýðir að hún er yngri en 871 ± 2 og eldri en 1206. (Bjarni F. Einarsson 2023:16).

Umræða og niðurstaða

Rúst 22 við Rimakot gaf ekki miklar upplýsingar um notagildi sitt. Þar fundust engar stoðarholur, ekkert gólf og engir gripir inni í rústinni. Aldur hennar liggur nokkuð vel fyrir og er hún yngri en 1206 og eldri en $871 \pm 2/920$ eins og áður greinir. Ef hægt er að ganga út frá jarðvegsþykknun og að gólfið hefur verið í hæð við botninn á veggjunum hefur rústin verið nær 920 en 1206 því Eldgjá 934 (937-39) er það ofarlega í jarðveginum. Varla hefur langur tími

liðið frá því að rústin var fyrst byggð eftir 871 ± 2 og endurgerðarinnar eftir 920 og því er rústin lang líklegast frá 10. öld, hugsanlega frá miðhluta hennar.

Rúst 22 er ekki einstök hvað varðar skort á öðrum mannvirkjum en veggjum. Rústir þar sem ekki finnast gólf, gripir né stoðarholur/stoðarsteinar hafa fundist áður á Íslandi.

Í Stöð á Stöðvarfirði var hús rannsakað fyrir fáeinum árum sem var um $6,3 \times 6,6$ m stórt utanvert, en $3,7 \times 4$ m innanvert eða um $14,8$ m². Veggir rústarinnar voru úr þverstreng og í þeim fannst gjóska úr Heklu 1104 eða 1158 og yfir rústinni var gjóska úr Örafajökli 1362. Hún er því yngri en rúst 22. Ekkert gólf fannst né önnur mannvirki og engir voru gripirnir. (Bjarni F. Einarsson 2021:13).

Í landi Reykja í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu var lítil tótt rannsökuð árið 2004 (Aldred 2005). Tilheyrði hún kotbýlinu Reykjakoti. Rúst þessi var áföst túngarði og aðeins $3,3 \times 4,2$ m stór að utanmáli. Í henni var ekkert öruggt gólf, en stungið upp á því að gólfið kynni að vera úr torfi. Aldursgreining rústarinnar er víð, en hún var eldri en 1800 og yngri en 1300. (Sami 2005:21). Önnur rúst skammt frá, 4×7 m stór geymdi engin mannvistarlög og þar á meðal gólf. Hún var yngri en 1300. (Sami 2005:27). Fleiri rústir voru kannaðar á svæðinu með sama árangri. Allar þessar rústir voru býsna fjarri bæjarrústinum og engir gripir fundust í þeim né stoðarholur.

Á bakka á Tjörnesi í S-Þingeyjarsýslu voru rústir rannsakaðar árið 2012. (Oddgeir Isaksen 2012). Ein rústin var $3,5 \times 7$ m stór að utanmáli. Rústin var yngri en 1477 og stungið upp á því að hún hafi verið mókofi. (Sami 2012:22). Engar stoðarholur né gripir fundust og fleiri sambærilegar rústir eru á svæðinu. Þær eru flestar dágóðan spöl frá bæjarhólnum.

Á Hörgsnesi í Vatnsfirði í V-Barðastrandarsýslu var annað tveggja sambyggðra nausta frá seinni öldum kannað árið 2009. (Margrét Hallmundsdóttir 2009). Engin mannvistarlög fundust fyrir utan veggina.



Mynd 12. Hnappur frá seinni öldum sem fannst ofarlega í jarðveginum yfir rúst 22. (Fnr. 1. Ljósm. BFE).



Mynd 13. Neðri hluti unga hnappsins sem fannst yfir rúst 22. (Ljósm. BFE).

Í landi Fosness í Árnessýslu, skammt frá Þjórsá, voru m.a. tveir stekkir og náttthagi frá seinni öldum rannsakaðir og í engum þeirra fundust gólf eða gripir. Stoðarhola er ekki að vænta í stekkjum og náttthögum. Allar eru þessar minjar talsvert frá bæjum. (Bjarni F. Einarsson o. fl. 2010:46–51).

Á svæði sem afmarkast af Affallinu í vestri, Markarfljóti í austri og þjóðvegi 1 í norðri eru engar minjar frá landnámsöld/víkingaöld þekktar svo að víst sé. Þær sem næstar koma er meint kuml í Berjanesi (Gamla Berjanesi), en þar fundust tvær kúptar nælur sem fundust um aldamótin 1900. Tvær slíkar nælur eru oft eru oft taldar vísbending um kuml. (Kristján Eldjárn 1956:31). Rústin 22 er því eina víkingaaldar rústin á þessu svæði enn sem komið er.

Um hlutverk rústar 22 verður ekki ráðið með vissu. Hægt er að útiloka ýmsar tegundir mannvirkja eins og mannaþústað, smiðju og fjós. Hvort þak hafi verið yfir rústinni eða ekki er ekki hægt að ákvarða nú, en líklega hefur ekkert þak verið. Hafi það verið svo fækkar tegundum mannvirkja sem gætu átt við þessa rúst. Hugsanlega hefur hún verið aðhald fyrir skepnur eða heystæði. Líklegri er seinni kosturinn, aðhald.

Rúst 22 gæti bent til þess að jafnaldra mannvirki séu í nágrenninu og jafnvel að undir Rimakoti séu minjar um mannvist frá víkingaöld. Rúst 22 er tæplega 110 m NV frá miðjum bæjarhól Rimakots sem er ekki óeðlileg fjarlægð heygars eða aðhalds. Rúmlega 180 m NNV af rúst 22 eru mörg rústabrot og garðar (örnefni eyðibýlisins Stakkholts er sett þarna niður á Minja- og Örnefnavefsjá, en það er rangt. (Örnefnaskrá. Svar við fyrirspurn. Stakkholt stóð við ströndina suður af Rimakoti skv. örnefnaskrá). Rústirnar NNV af Rimakoti líta út fyrir að vera m. a. skepnuhús, en þær gæti leynst býli! Þessar rústir hafa aldrei verið skráðar.

Þegar jarðrask hefst á lóðinni þarf að viðhafa fornleifaefirlit til að tryggja að forn mannvirki fari ekki forgörðum og ganga úr skugga um að rúst 22 nái ekki lengra til norðvesturs eins og veikar vísbendingar eru um.

Heimildir

- Aldred, Oscar. *VEGABÆTUR Á VEGI FRÁ REYKJUM Í ÓLAFSFIRÐI UPP Á LÁGHEIÐI*. Fornleifarannsóknir á Reykjum í Ólafsfirði og á Lágheiði. Með kafla um gjóskulög eftir Magnús Á. Sigurgeirsson. Lokaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2005.
- Bjarni F. Einarsson. *Stöð. Skálar í Stöð á Stöðvarfirði*. Skýrsla VI. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.
- Bjarni F. Einarsson. *Rimakotslína 2. Fornleifaskráning í Rangárvallasýslu vegna lagningu rafstrengs frá Hvolsvelli að Rimakoti*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2022.
- Bjarni F. Einarsson. *Forrannsóknir við Rimakot og við leið jarðstrengs (Rimakotslínu 2) frá Hvolsvelli að Rimakoti, Rangárvallasýslu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2023.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag. *Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2009*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. Reykjavík 2010.
- Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund 1967.
- Íslendingabók og Landnámabók*. Ísl. fornrit I. Hið ísl. fornritafélag. Reykjavík 1968.
- Íslenskt fornbréfasafn*. Hið íslenska bókmentafélag. Áttunda bindi 1261–1521. Reykjavík 1906–1913.

- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk frá Stofnun Hjelmstjerne-Rosencrones greifa. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1913–1917.
- Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Norðri. Akureyri 1956.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. Reykjavík 1924–1947.
- Manntal á Íslandi 1816*. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði. Akureyri 1947.
- Manntal á Íslandi 1845*. Suðuramt. Ættfræðifélagið gaf út með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1982.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifakönnun vegna lagningu rafstrengja frá Bakkaþjóru til Vestmannaeyja*. Byggðasafn Árnesinga. Selfossi 2008.
- Margrét Hallmundsdóttir. *Fornleifarannsókn á Hörgsnesi. Gagnaskýrsla*. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. Maí 2009 NV nr. 5-09. Bolungarvík 2009.
- Oddgeir Isaksen. *Fornleifauppgröftur á Bakka á Tjörnesi 2012*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2012.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri). *Lagning jarðstrengs á Suðurlandi: deiliskráning í Skaftártungu, Álftaveri, Þingvöllum og Austur-Landeyjum*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2019.
- Sunnlenskar byggðir IV*. Rangárþing austan Eystri Rangár. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands. Búnaðarsamband Suðurlands 1982.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Rangárvallasýsla. Hið ísl. bókmenntafélag. Rangæringafélagið 1968.
- Túnakort Rimakots* Austur-Landeyjarhreppi. Teiknað af Páli Jónssyni. Ægissíðu 1927. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands. Bréf dags. 2. júní 2023.
- Örnefnaskrá*. Hólmar og Hólmahjáleiga. Þórður Tómasson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá*. Hólmar og Hólmahjáleiga. Svar við fyrirspurn um Stakkholt. Kristján Agústsson (2008). Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

Tæknilegar upplýsing**Rannsóknarstaður:**

Rúst 22 í Rangárþingi eystra við Rimakot í Landeyjum.

Hnit:

E 441955,1 N 341097,7.

Verkkaupandi:

Landsnet.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi dags.

8. ágúst 2023.

Leyfisnúmer:

202303-0006.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands:

2023-5.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Sigþór Bjarni Geirsson fornleifafræðinemi.

Svavar Nielsson, fornleifafræðingur.

Þorgerður Hjelm, fornleifafræðinemi.

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands.

Greiningar:

Engar.

Rannsóknartími:

28. ágúst. – 29. september 2023.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Um 91 m².

Um 73 m³.

Geymsla gagna:


Þjóðminjasafn Íslands.


Skýrsla hjá:



Minjastofnun Íslands, Landsneti, Fornleifafræðistofunni og Þjóðarbókhöðunni.

Fylgirit

1 Fundaskrá	bls.	15
2 Drónamyndir	bls.	17
3 Stafrænar myndir	bls.	21
4 Sýnaskrá	bls.	27

B1 2023	B2 5	B3 21	Staður/gata Rimakot	Sveitarfélag Rangárþing eystra	Tákntala	Sýsla Rangárþing
Finnandi			Fundardagur	Fjöldi	Brot	Astand
Heiti Svavar Nielsson			5.9.2023	1	Nei	Gott
Hnappur			Tegund	Efni	Nánari lýsing á efni	gl 1,7
				Brons		Heilt? J
☐ Lausafundur			Rými	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
				-	-	-
			Teg. lags	Nr. lags	Langisk.	Nr. holu.
			Áfok			
Heimildir/Athugasemdir			Ljósmyndir			
16,1 mm í þvermál. Fannst ofarlega í jarðlögum við mitt norðursnið. Greina má doppur eða punktka ofan í yfirborðið á hnappnum og leifar af upphleypu skrauti.			 			
Skráningaraðili			Skráning dagur			
Bjarni F. Einarsson			7.9.2023			

B1 2023	B2 5	B3 22	Staður/gata Rimakot	Sveitarfélag Rangárþing eystra	Tákntala	Sýsla Rangárþing
Finnandi			Fundardagur	Fjöldi	Brot	Astand
Heiti Svavar Nielsson			11.9.2023	1	Já	Gott
Járn			Tegund	Efni	Nánari lýsing á efni	gl 14,3
				Járn		Heilt? N
☐ Lausafundur			Rými	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
				-	-	-
			Teg. lags	Nr. lags	Langisk.	Nr. holu.
			Áfok			
Heimildir/Athugasemdir			Ljósmyndir			
Mikið rið umleakis lítin grip.			 			
Skráningaraðili			Skráning dagur			

B1 2023	B2 5	B3 23	Staður/gata Rimakot	Sveitarfélag Rangárþing eystra	Tákntala	Sýsla Rangárþing
Finnandi			Fundardagur	Fjöldi	Brot	Astand
Heiti Þorgerður Hjelm			13.9.2023	1	Já	Lélegt
Bein			Tegund	Efni	Nánari lýsing á efni	gl 7,1
				Bein		Heilt? N
☐ Lausafundur			Rými	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
				-	-	-
			Teg. lags	Nr. lags	Langisk.	Nr. holu.
			Áfok			
Heimildir/Athugasemdir			Ljósmyndir			
Fannst ofan á vegg.			 			
Skráningaraðili			Skráning dagur			

B1 2023	B2 5	B3 24	Staður/gata Rimakot	Sveitarfélag Rangárþing eystra	Tákntala	Sýsla Rangárþing
Finnandi			Fundardagur 15.9.2023	Fjöldi 1	Brot Já	Aldur frá ár 1500
Heiti Þorgerður Hjelm			Aldur til ár 1600	Ástand Lélegt		
Tönn			Tegund	Efni Bein	Nánari lýsing á efni	gl N
☐ Lausafundur			Rými	Hnit X 10,75	Hnit Y 25,69	Hnit Z -
			Teg. lags Torf	Nr. lags	Langisk.	Nr. holu.
Heimildir/Athugasemdir Fannst á SA horni rústarinnar á veggnum.			Ljósmyndir			
Skráningaraðili			Skráning dagur			

B1 2023	B2 5	B3 25	Staður/gata Rimakot	Sveitarfélag Rangárþing eystra	Tákntala	Sýsla Rangárþing
Finnandi			Fundardagur 20.9.2023	Fjöldi 1	Brot Nei	Aldur frá ár 1500
Heiti Þorgerður Hjelm			Aldur til ár 1600	Ástand Gott		
Nagli			Tegund	Efni Járn	Nánari lýsing á efni	gl 8,2
☐ Lausafundur			Rými	Hnit X 21,30	Hnit Y 22,35	Hnit Z 4,69
			Teg. lags Áfok	Nr. lags	Langisk.	Nr. holu.
Heimildir/Athugasemdir Fannst í NA horni stækkunarinnar við norðurliðina.			Ljósmyndir			
Skráningaraðili			Skráning dagur			

B1 2023	B2 5	B3 26	Staður/gata Rimakot	Sveitarfélag Rangárþing eystra	Tákntala	Sýsla Rangárþing
Finnandi			Fundardagur 20.9.2023	Fjöldi 1	Brot Nei	Aldur frá ár 1500
Heiti Svavar Nielsson			Aldur til ár 1600	Ástand Gott		
Gjalllíkur moli			Tegund	Efni Gjall	Nánari lýsing á efni	gl 7,6
☐ Lausafundur			Rými	Hnit X 10,76	Hnit Y 21,10	Hnit Z 4,39
			Teg. lags Áfok	Nr. lags	Langisk.	Nr. holu.
Heimildir/Athugasemdir Svarar ekki segulstáli. Hraunmoli?			Ljósmyndir			
Skráningaraðili			Skráning dagur			

Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rímakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	07/09/2023	N	1
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirliti yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Rústin að koma í ljós.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rímakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	07/09/2023	N	2
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirliti yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Rústin að koma í ljós.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rímakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	N	3
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirliti yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Rústin að koma í ljós.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rímakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	N	4
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirliti yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Rústin að koma í ljós.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rímakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	N	5
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Skámynd yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Rústin að koma í ljós.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rímakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	15/09/2023	N	6
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni. V-veggurinn fer inn í bakkann.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	15/09/2023	N	7
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni. V-veggurinn fer inn í bakkann.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	20/09/2023	N	8
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir stækkun.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	20/09/2023	A	9
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir stækkun.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	21/09/2023	N	10
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir stækkun.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	21/09/2023	A	11
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir stækkun.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	21/09/2023	A	12
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir stækkun. Veggjastubburinn kominn vel í ljós.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	21/09/2023	A	13
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Veggjastubburinn nyrst á		
<i>Ljósmyndari</i>	rannsóknarsvæðinu. Öðruvísi		
Bjarni F. Einarsson	litarhaft.		

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	21/09/2023	A	14
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir		
<i>Ljósmyndari</i>	stækkun. Veggjastubburinn		
Bjarni F. Einarsson	kominn vel í ljós.		

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	27/09/2023	N	15
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir		
<i>Ljósmyndari</i>	stækkun. Veggjastubburinn		
Bjarni F. Einarsson	kominn vel í ljós.		

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	27/09/2023	A	16
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Yfirlitsmynd af rústinni eftir		
<i>Ljósmyndari</i>	stækkun. Veggjastubburinn		
Bjarni F. Einarsson	kominn vel í ljós.		

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	27/09/2023	A	17
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Norðausturhluti rannsóknar-		
<i>Ljósmyndari</i>	svæðisins. Veggstubbur.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	N	18
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Síðasta drónamyndin af rústinni.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



Staður	Sveitarfélag	Tákntala
Rimakot	Rangárþing eystra	
Sýsla	Dags	Mót
Rangárvallasýsla	28/09/2023	N
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Phantom Pro 4	Síðasta drónamyndin af rústinni og nánasta umhverfi.	19
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Þjms nr. 2023-5

Mynd



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	05/09/2023		1
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Sjá má óljósa veggi rústarinnar.		
Svavar Nielsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	05/09/2023		2
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Sjá má óljósa veggi rústarinnar.		
Svavar Nielsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	05/09/2023	SSA	3
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Sjá má óljósa veggi rústarinnar.		
Svavar Nielsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	05/09/2023	SSV	4
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>	Sjá má óljósa veggi rústarinnar.		
Svavar Nielsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	11/09/2023	S	5
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	11/09/2023	N	6
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	N	7
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	A	8
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Suðurhluti hússins. Sjá má vegginn í skurðinum.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	S	9
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Norðurgafi hússins. Ógreinilegur. Forn?		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	V	10
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Suðurhluti hússins.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	13/09/2023	N	11
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Suðurhluti hússins.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Rimakot	Rangárþing eystra		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	27/09/2023	NNA	12
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Vinumynd.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	27/09/2023	V
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	Fix puntur á hellu í neðstu röð næst lengst til hægri.	13
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 1. umferð. Veggtekni.	14
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 2. umferð. Veggtekni.	15
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 3. umferð. Veggtekni.	16
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 4. umferð. Veggtekni.	17
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 5. umferð. Veggtekni.	18
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 6. umferð. Veggtekni.	19
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 7. umferð. Veggtekni.	20
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	N-veggur. 8. umferð. Veggtekni.	21
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	Grafið í gegnum veggstubb nyrst á svæðinu.	22
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	28/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	Hola í 0,5 m breiðri öryggisholu. Tré, músarhola, pinnahola?	23
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>
Rimakot	Rangárþing eystra	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Canon EOS 750D	Öryggisskurður við norðurhluta rústarinnar. Snið í torfvegginn utan við.	24
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		

Leyf.nr. 202303-0006

Pjms nr. 2023-5



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	Leyf.nr. 202303-0006 Pjms nr. 2023-5 Mynd 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	A		25
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður við norðurhluta rústarinnar.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	Leyf.nr. 202303-0006 Pjms nr. 2023-5 Mynd 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	A		26
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum austurvegginn.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	Leyf.nr. 202303-0006 Pjms nr. 2023-5 Mynd 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	V		27
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum austurvegginn.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	Leyf.nr. 202303-0006 Pjms nr. 2023-5 Mynd 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	V		28
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum vesturvegginn.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	Leyf.nr. 202303-0006 Pjms nr. 2023-5 Mynd 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	V		29
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum vesturvegginn.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	Leyf.nr. 202303-0006 Pjms nr. 2023-5 Mynd 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	V		30
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum vesturvegginn. Músarhola innst.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Mynd</i> 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	V		31
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum			
<i>Ljósmyndari</i>	vesturvegginn. Músarhola innst.			
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Mynd</i> 	
Rimakot	Rangárþing eystra			
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	29/09/2023	V		32
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Canon EOS 750D	Öryggisskurður í gegnum			
<i>Ljósmyndari</i>	vesturvegginn.			
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202303-0006
 Þjms nr. 2023-5

<i>Staður</i> Rimakot	<i>Sveitarfélag</i> Rangárþing eystra	<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Nr.</i> 1
<i>Tekið dags</i> 13/09/2023	<i>Teg. sýnis</i> Gjóska	<i>Greining?</i> Aldur og uppruni	<i>G</i>
<i>Niðurstaða</i> 		<i>Mannvirki</i> Rúst 22	
<i>Áætlaður aldur</i> 1477	<i>Leyf.nr.</i> 202303-0006	<i>Þjms. nr.</i> 2023-5	
<i>X</i> -	<i>Y</i> -	<i>Z</i> -	<i>Dýpi</i> -
<i>Lag</i> Gjósukulag		<i>Númer lags</i> -	
<i>Athugasemdir</i> Lagið er yfir alla rústina að innanverðu og er því yngra en rústin. Sýni úr laginu var tekið í vor við forrannsóknina.			

<i>Staður</i> Rimakot	<i>Sveitarfélag</i> Rangárþing eystra	<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Nr.</i> 2
<i>Tekið dags</i> 20/09/2023	<i>Teg. sýnis</i> Viðarkol	<i>Greining?</i> Teg. og C-14	<i>G</i>
<i>Niðurstaða</i> 		<i>Mannvirki</i> Rúst 22	
<i>Áætlaður aldur</i> 1500	<i>Leyf.nr.</i> 202303-0006	<i>Þjms. nr.</i> 2023-5	
<i>X</i> 21,65	<i>Y</i> 20,48	<i>Z</i> 4,40	<i>Dýpi</i> -
<i>Lag</i> ÁFok		<i>Númer lags</i> 	
<i>Athugasemdir</i> Fannst við norðurjaðar rannsóknarsvæðisins, um 06 m undir yfirborði.			

<i>Staður</i> Rimakot	<i>Sveitarfélag</i> Rangárþing eystra	<i>Sýsla</i> Rangárvallasýsla	<i>Nr.</i> 3
<i>Tekið dags</i> 27/09/2023	<i>Teg. sýnis</i> Gjóska	<i>Greining?</i> Uppruni og aldur	<i>G</i>
<i>Niðurstaða</i> 		<i>Mannvirki</i> Rúst 22	
<i>Áætlaður aldur</i> 1500	<i>Leyf.nr.</i> 202303-0006	<i>Þjms. nr.</i> 2023-5	
<i>X</i> 19,80	<i>Y</i> 22,81	<i>Z</i> 4,33	<i>Dýpi</i> -
<i>Lag</i> Veggur		<i>Númer lags</i> 	
<i>Athugasemdir</i> Sýnið tekið úr svartri gjósku í veggjastubnum norðan við rústina. Veggurinn hafði öðruvísi litarhaft en veggir rústarinnar.			